

L Ö G

31

1. febr.

um loftskeytastöðvar í íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir, að hvert íslenskt skip,
sem í förum er milli Íslands og útlanda og hefir minnst 12 manna áhöfn, og
hvert farþegaskip, sem siglir með ströndum fram og er meira en 200 rúmlestir,
skuli hafa loftskeytastöð og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi.

Nú mælir ráðherra svo fyrir sem að ofan segir, og skal landssíminn þá
leigja skipunum tæki gegn hæfilegri leigu, nema eigendur skipanna kjósi að
sjá sjálfir fyrir tækjum.

2. gr.

Afl stöðvanna skal vera minnst 75 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd
í skipum, sem sigla milli landa, og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loft-
skeytastöðvar í skipum.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu stöðvanna, en
skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt
samkvæmt heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva
á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar í skip-
um, með tilliti til öryggis mannlífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.